

**Nd. 42. Frumvarp til laga [40. mál]**

um breyting á lögum nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

**1. gr.**

1. mgr. 12. gr. laga nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna, orðist svo:  
Ráðherra skipar fimm manna barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það hafa aðsetur í Reykjavík. Formaður ráðsins skal vera lögfræðingur.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

**Fylgiskjal.**

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um breyting á lögum nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að komið hafi í ljós, að ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna, setji óþarflega þröngar skorður varðandi val manns til að gegna formennsku barnaverndarráðs. Beri því brýna nauðsyn til að setja bráðabirgðalög um breyting á nefndri lagagrein, á þann veg, að niður sé felld kvöð um embættisgengi lögfræðings þess, er vera skal formaður ráðsins.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

**1. gr.**

1. mgr. 12. gr. laga nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna, orðist svo:  
Ráðherra skipar fimm manna barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það hafa aðsetur í Reykjavík. Formaður ráðsins skal vera lögfræðingur.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 4. ágúst 1966.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**  
(L. S.)

*Gylfi D. Gislason.*